

## Stýrihópur um betri vinnutíma í vaktavinnu

### Fundargerð (25)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 2. mars 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason  
Frá Bandalagi háskólamanna; Marianna H. Helgadóttir  
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir  
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir  
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Sverrir Jónsson og Einar Mar Þórðarson  
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir  
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Rakel Guðmundsdóttir  
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Tryggvi Friðjónsson  
Verkefnisstjórn: Aldís Magnúsdóttir, Sigríður Sesselja Sæmundsdóttir og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri  
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams frá laugardegi.

#### Dagskrá

1. **Fundargerð 24. fundar** samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar.
3. **Leiðbeiningar til starfsfólks og stjórnenda um rétt starfsfólks í orlofstöku sumarið 2021.** Í framhaldi af umræðu á síðasta fundi var endurskoðuð tillaga verkefnisstjórnar til afgreiðslu. Samþykkt.
4. **Spurningakannanir, kostnaður** - tillaga matshóps til umræðu og ákvörðunar. Málið rætt og samstaða um að matshópurinn haldi áfram með spurningakannanirnar og undirbúning þeirra án dráttar og stýrihópurinn standi að fjármögnuninni. Bæði launagreiðendur og launafólk ræða málið í sinn hóp. Ákvörðun um fyrirkomulag verður tekin milli funda og verkefnisstjórn mun senda niðurstöðu samtalanna til stýrihóps fyrir næsta fund.
5. **Ferill einstakra mála.** Bára Hildur fór yfir minnisblað verkefnisstjórnar um afgreiðsluferil erinda frá einstökum vinnustöðum og hópum og mikilvægi þess að hafa skýran farveg. Málið var rætt og fékk verkefnisstjórnin umbeðna leiðsögn m.a. um hlutverk innleiðingarhópa, stéttarfélaga og stjórnkerfa launagreiðenda.

6. **Samræmdar upplýsingar til innleiðingarhópa um stöðu innleiðingar** - Bára Hildur fór yfir minnisblað verkefnastjórnar þar sem óskað er umræðu um hvaða upplýsingum vinnustaðir eiga að skila til innleiðingarhópa um hvort mönnunarforsendur teljist standast eða ekki. Málið rætt og leiðsögn sú að gefa út aðgengilegt og einfalt form þar sem stuðst er við gátlista verkefnisstjórnar fyrir lykilaðila og ábendingar frá matshópi ef einhverjar eru.

## 7. Önnur mál

- **Tæknimál, tímalína.** Fram var lagt til umræðu yfirlit verkefnisstjórnar um tímalínu í tæknimálum miðað við upphafspunkt 22. janúar sl. Markmið verkefnisstjórnar að fá upplýsingar um stöðuna hjá öllum launagreiðendum. Samþykkt að verkefnisstjórnin sendi fyrirspurn í tölvupósti til fulltrúa allra launagreiðenda í stýrihópnum og fái skýrar upplýsingar frá þeim.
- **Dagsetningar vaktaskýrsla.** Áréttuð ákvörðun um að drög vaktaskýrsluforms þurfi að vera tilbúin 15. mars nk.
- Næsti fjarfundur verður þriðjudaginn 9. mars kl. 14.00 - 15.30

Fundi slitið kl. 15.40. Fundargerð er aðgengileg á Teams.